

1871.

27. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það sèra Hjörleifi Guttormssyni, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt er um, og skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað hlutaðeiganda amtmanni, að senda hingað tæða staðfestingu, svo hún verði gjörð ógild.

27. júní.

**53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi, um styrk handa Íslenzkri prestsekkju, sem býr í Kaupmannahöfn.**

Útaf því að reikningsmálastjórnardeildin í úrskurði sínum við 3. athagagrein við reikningana fyrir 1867 og 1868 um útbýtingu þeirra 400 rd., sem með konungsúrskurði 13. maí 1785 eru veittir árlega handa prestsekkjum á Íslandi og börnum þeirra, hefir álitíð nauðsynlegt að hafa leyfi stjórnarráðsins fyrir, að ekkja eptir Dr. Philos. sèra Gísla Brynjúlfsson að Hólum í Suðurmúlasýslu, sem fyrir löngu er dáinn, megi halda styrk þeim, sem henni hefir verið veittur hin síðustu 20 ár af tæðum 400 rd., þótt hún búi hér í borginni, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess, að tæð prestsekkja, sem bæði er þessa makleg, og jafnframt efnalítill, hvorki hefir eptirlaun af Hólma prestakalli nè nokkurn annan opinberan styrk á Íslandi, og farið þess á leit, að þetta leyfi verði veitt, og að stjórnarráðið samþykki, að henni hafi verið veittir á þessu ári 16 rd., eins og áður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið veitir leyfi það, sem sókt er um, og samþykkir, að tæð prestsekkja haldi styrknum.